

Ed.

124. Frumvarp til laga

[62. mál]

um, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á erlendum lánnum, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða án endurgreiðslukröfu eftirtalin erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja:

I. Lán vegna ræktunarsjóðs:

1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: \$ 776 962.30.
2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 182015.0.0.
3. Frá 15/6 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1957: \$ 1191 537.39.
4. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: \$ 646 748.40.
5. Frá 1/10 1959 að telja: Vörukaupalán, tekið 1958: \$ 281 712.49.

II. Lán vegna Byggingarsjóðs sveitabæja:

1. Frá 1/9 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1951: \$ 494 037.70.
2. Frá 1/12 1959 að telja: Alþjóðabankalán, tekið 1953: £ 126 485.0.0.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aldrei hefur verið við öðru búizt, þegar Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður sveitabæja hafa verið látnir taka lán, en að ríkið þyrfti við og við að létta lánabyrðina.

Þessir sjóðir lána féð út með lægri vöxtum yfirleitt heldur en þeir verða að borga fyrir féð, sem handa þeim er aflað, — og lána það einnig oftast út (byggingarsjóður ævinlega) til lengri tíma.

Það hefur verið venja, að ríkissjóður hefur með nokkru millibili — eða þegar rekstrarhalli sjóðanna hefur farið að segja til sín — tekið kúfinn af skuldum þeirra, svo að þeir gætu starfað án halla. Annars mundu sjóðirnir hafa komið í þrot með rekstur sinn, eins og eðlilegt er.

Árið 1953 ákvað Alþingi með lögum, að ríkissjóður skyldi létta:

1. af ræktunarsjóði ca. 14.4 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 14.4 millj. kr.

Eftir fjögur ár — eða 1957 — ákvað Alþingi aftur með heimild í fjárlögum, að ríkissjóður létti:

1. af ræktunarsjóði ca. 32.3 millj. kr.
2. af byggingarsjóði ca. 4.3 millj. kr.

Nú er enn svo komið, — sem enginn þarf að undrast, — að sjóðirnir búa við mikinn hallarekstur. Rekstrarhalli ræktunarsjóðs s. l. ár var kr. 3 066 000.00 og rekstrarhalli byggingarsjóðs kr. 1 892 849.42. Er því tími til þess kominn, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, eins og venjulegt hefur verið og skylda hans er, þar sem sjóðirnir eru stofnanir ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að ríkissjóður verði látinn taka á sig að greiða eftirstöðvar af fimm erlendum lánnum fyrir ræktunarsjóð og tveim fyrir byggingarsjóð. Er tekið fram í frumvarpinu, frá hvaða degi greiðslurnar reiknist, og upphæðir eftirstöðvanna tilgreindar í þeirri erlendu mynt, sem á að borga lánin.

Árgjöldin af lánunum, reiknuð skv. nýrri skráningu íslenzku krónunnar, verða vegna ræktunarsjóðs ca. 10.8 millj. kr. samtals og vegna byggingarsjóðs ca. 3.1 millj. kr. Árgjöld þessi eru að sjálfsgöðu þriðjungi hærri en þau voru s. l. ár vegna nýrrar gengisskráningar. Herðir sú skráning á nauðsyn þeirra aðgerða, sem hér er lagt til að strax verði gerðar.

Reiknast svo til, að halli sjóðanna sé úr sögunni um skeið, ef frv. þetta nær fram að ganga, en alls ekki lengra gengið með frv. en nauðsyn sjóðanna krefur.